STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1963

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um innheimtu meðlaga.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 93 29. desember 1962, hefur fullgildingarskjal Íslands að samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, er undirritað var í Osló 23. marz 1962, verið afhent norska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gengur í gildi milli aðildarríkjanna hinn 1. júlí 1963.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. febrúar 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði stjórnvalda eða skriflegri skuldbindingu, sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag maka sínum, fyrrverandi maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skal þegar fullnægt í öðru samningsríki, sé þess farið á leit. Sama gildir um þess háttar dóm, sem ekki er enn aðfararhæfur, og hvern þann úrskurð þess háttar, sem dómstóll, dómari eða „överexekutor" hefur kveðið upp og fullnægt verður eins og aðfararhæfum dómi.

Nú hefur með dómi eða úrskurði í ríki því, þar sem fullnustu er leitað, meðlag verið ákveðið lægra eða úrskurðað, að ekki sé um meðlagsskyldu að ræða, og verður þá ekki þar í gegn fullnustu krafizt í því ríki.

2. gr.

Beiðni um fullnustu skal senda yfirvaldi í samningsríki því, þar sem sá dvelst, er meðlagið á að fá, eða í samningsríki því, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn var kveðinn upp eða skriflega skuldbindingin gerð.

Eigi fullnusta að fara fram í öðru samningsríki en því, þar sem beiðnin kom fram samkvæmt 1. mgr., skal senda beiðnina til fyrrnefnds ríkis. Í því tilviki er beiðnin send og móttekin af:

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

í *Danmörku* yfirstjórnvaldi (í Kaupmannahöfn „overpræsidenten", en annars hlutaðeigandi amtmanni) eða, ef óvíst er, hvert yfirstjórnvald á að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;
í *Finnlandi* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, ef óvíst er, hver lénsstjórn á að fjalla um málið utanríkisráðuneytinu;
á *Íslandi* dómsmálaráðuneytinu;
í *Noregi* hlutaðeigandi fylkismanni eða, ef óvíst er, hver fylkismaður á að fjalla um málið, félagsmálaráðuneytinu, þegar um er að ræða meðlag með óskilgetnu barni eða móður slíks barns, en annars dómsmálaráðuneytinu; og
í *Svíþjóð* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, sé óvíst, hver lénsstjórn á um að fjalla, réttardeild utanríkisráðuneytisins.

Beiðni um innheimtu í öðru samningsríki á meðlagi, sem yfirvald hefur greitt fyrir fram, má það yfirvald senda beint til yfirvalds í því ríki, samkvæmt ákvæðinu í 2. mgr., þar sem innheimtan á að fara fram.

Skjali á finnsku eða íslenzku skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku, að því leyti sem þörf er á.

3. gr.

Yfirvald það, sem framkvæma skal innheimtuna, getur, ef nauðsynlegt þykir, krafizt vottorðs um, að dómurinn, úrskurðurinn eða skuldbindingin fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. mgr. 1. gr. fyrir fullnustu. Vottorð skal gefið út í því ríki, þar sem dómur eða úrskurður hefur verið kveðinn upp eða skuldbinding gerð, og af því yfirvaldi, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr.

Hafi upphæð meðlags ekki verið ákveðin í dóminum, úrskurðinum eða skuldbindingunni eða sé í beiðni um fullnustu farið fram á hærri upphæð en ákveðið hefur verið, má einnig krefjast vottorðs um upphæð meðlagsins samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Fullnustan fer fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

Fullnustan fer fram án kostnaðar fyrir rétthafa, nema hún eigi að fara fram samkvæmt reglunum um aðför í fasteign.

Innheimt upphæð sendist þeim, sem beiðst hefur fullnustu eða öðrum, sem hann ákveður.

5. gr.

Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafar vegna kostnaðar við fæðingu og sængurlegu og kostnaðar við sérstaka menntun barns og enn fremur skírn þess, fermingu, veikindi, greftrun og þess háttar.

6. gr.

Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

7. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal afhenta fullgildingarskjölin norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem verða má.

Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjalanna. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur frá 10. febrúar 1931 milli samningsríkjanna um innheimtu meðlaga, eins og honum var breytt með samkomulagi hinn 1. apríl 1953.

Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt upp samningnum, og hættir hann þá að gilda hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan að liðnum sex mánuðum frá uppsögn.

Til staðfestingar hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gert í Osló, hinn 23. marz 1962, í einu eintaki á hverju þessara mála: íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð.

25. febrúar. Nr. 2.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Ríkisstjórn Íslands samþykkti hinn 17. desember 1962 breytingar þær á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), sem gerðar voru á Alþjóðavinnumálaþinginu á síðastliðnu sumri.

Stofnskráin var birt í Stjórnartíðindum A. 57/1948, ásamt breytingu, er birt var í Stjórnartíðindum A. 4/1954.

Hinn íslenzki texti um breytingarnar á stofnskránni, sem samþykktar voru á 46. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í júní 1962, birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. febrúar 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kvaddi til funda í Genf og kom saman til 46. þings hinn 6. júní 1962, hefur ákveðið að samþykkja tillögur um, að í ákvæðum stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan stjórnarinnar skulu tölurnar „fjörutíu og átta“ og „tuttugu og fjórir“ koma í stað talnanna „fjörutíu“ og „tuttugu“, og talan „tólf“ í stað tölunnar „tíu‘ nema í 2. tölulið 7. greinar, sem kveður svo á, að tíu mestu iðnaðarríkin og fjórtán þar til kjörin aðildarríki skuli eiga sæti í stjórninni, en þetta var áttunda dagskrármál þingsins.

Þingið gerir því í dag, 22. júní 1962, eftirfarandi breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem nefnist Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1962:

1. gr.

Í núgildanda texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

a) skulu tölurnar „fjörutíu og átta‘ og „tuttugu og fjórar“ koma í stað talnanna „fjörutíu“ og „tuttugu“ í 1. og 2. tölulið 7. greinar;
b) skal talan „tólf“ koma í stað tölunnar „tíu“ í 1. tölulið 7. greinar;
c) skal talan „fjórtán“ koma í stað tölunnar „tíu“ þar sem í 2. tölulið 7. greinar er talað um þá menn, sem tilnefndir eru af ríkjum, sem til þess eru kjörin af fulltrúum ríkisstjórna á þinginu;